



Þurshöfðavík

Hallormsstaðarskógur

Greinargerð með deiliskipulag á tjaldsvæði við Þurshöfðavík

dags. 11. mars 2005



Yngvi Þór Loftsson og Þuríður Ragna Stefánsdóttir
landslagsarkitektar FÍLA
Hamraborg 12, 200 Kópavogi
sími 554 5300 fax 554 5360

Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR.....	3
2.	STAÐHÆTTIR.....	3
3.	FYRIRLIGGJANDI SKIPULAG	4
4.	FJÖLDI GISTINÁTTA	4
5.	SKIPULAGSSKILMÁLAR	5
5.1	Almennt.....	5
5.2	Aðkoma.....	5
5.3	Vegir	5
5.4	Gönguleiðir.....	5
5.5	Bílastæði.....	5
5.6	Rútustæði.....	5
5.7	Tjaldsvæði	6
5.8	Þjónustuhús	6
5.9	Hreinlætisaðstaða.....	6
5.10	Leiksvæði og boltavellir.....	6
5.11	Rotþrær og frárennsli	6
5.12	Sorphirða.....	6
5.13	Veitur og lagnir.....	7
5.14	Kalt vatn.....	7
5.15	Rafmagn	7
6.	BÁTALÆGI.....	7
7.	ÁFANGASKIPTING	7

Teikningaskrá:

Teikningar sem fylgja greinargerðinni eru þessar:

1. Deiliskipulagsuppdráttur (mælikvarði 1: 1000)
 2. Skýringaruppdráttur (mælikvarði 1: 1000)
- Afstöðuuppdráttur, sem er hluti af Aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 er inn á teikn nr 2.

1. INNGANGUR

Á undanförunum rúmum áratug hefur orðið veruleg breyting á kröfum um búnað og aðstöðu á tjaldsvæðum. Nú er svo komið að tjaldsvæðið í Atlavík getur ekki uppfyllt þessar kröfur og hefur Skógrækt ríkisins á Hallormsstað unnið að því að flytja það í áföngum að Þurshöfðavík. Skipulagstillaga sem gerð var 1991 er þegar úrelt vegna þeirra öru breytinga sem orðið hafa og er deiliskipulagstillagan sem hér er kynnt ætluð að uppfylla kröfur sem gerðar eru í dag.

Skipulagssvæðið er skilgreint í aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 er í heild skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og þar sem fyrirhuguð þjónustubygging er staðsett er skilgreind blönduð landnotkun sem verslunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota

Tjaldsvæði á Íslandi eru flokkuð eftir flokkunarviðmiði sem Ferðamálaráð Íslands hefur sett fram. Markmið Skógræktarinnar er að uppfylla í áföngum 4 stjörnu viðmið fyrir tjaldsvæðin við Þurshöfðavík.

Helstu flokkunarviðmið eru þessi:

- Tjaldsvæði greinilega afmarkað
- Starfsfólk hafi fasta viðveru á álagstíma
- Aðgengileg gestamóttaka með upplýsingatöflum
- Veglýsing
- Aðstaða til losunar affallsvatns og seyru af húsbílum
- Aðstaða til sorpflokkunar
- Heitt og kalt vatn
- Aðgangur að síma allan sólarhringinn
- Leikaðstaða
- Sérstök stæði fyrir húsbýla og fellihýsi með aðgengi að rafmagni.

2. STAÐHÆTTIR

Tillagan nær til svæðis upp af Þurshöfðavík norðan Staðarár og vestan þjóðvegjar.

Á svæðinu eru gömul tún umlukin með birkiskógi og trjábeltum. Í stórum dráttum má skipta landsvæðinu í tvo hluta, efri og neðri flöt, þar sem brött brekka skilur á milli. Á síðari árum hefur verið komið upp vísí að tjaldsvæði með vatnssalernum á efri flötinni.



Horft yfir efri flötina



Horft yfir neðri flötina

Neðri flötin hallar á móti norðri um 4-5%. Hún er umlukin Lagarfljóti að norðan og vestan og skilur Þurshöfði þar á milli. Austan við höfðann er sendin vík, svokölluð Þurshöfðavík og að sunnan grýttari fjara. Að austan er brött skógivaxin brekka og að sunnan Staðrá. Í ánni eru tveir fossar, sá efri er fyrir miðju svæðinu en neðst í henni er lítill foss sem hefur myndast við efnistöku Vegagerðarinnar. Beggja vegna Staðarár er þéttur birkiskógur með opnum rjóðrum inn á milli.



Manngerður foss neðst í Staðará

Efri flötin hallar á móti vestri um 6-8% í heild en sléttari flatir eru inn á milli og hægt stalla landið þannig að það nýtist betur. Hún nær milli þjóðvegarins og brekkubrúnarinnar, en Staðrá skilur að sunnan þar sem í er fallegur 3-4 m hár foss.

3. FYRIRLIGGJANDI SKIPULAG

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi fyrir Austur-Hérað 2002-2017 þá er skipulagssvæðið í heild skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Þá er svæðið á efri flötinni skilgreint með blandaðri landnotkun sem opið svæði til sérstakra nota og verslunar- og þjónustusvæði.

4. FJÖLDI GISTINÁTTA

Verulegar sveiflur hafa orðið á fjölda gistinátta á tjaldsvæðum í Hallormsstaðarskógi á síðustu árum. Fæstir voru gestirnir 6611 árið 1998 og flestir 18219 árið 2002. Mikill fjöldi gesta árið 2002 verður aðeins skýrður með veðurbliðu. Á s.l. sumri var fjöldi gistinátta 12087, tæplega 400 fleiri en árið áður. Hlutfall útlendinga fer mjög lækkandi, eða frá því að vera um fjórðungur árið 1991 og niður í tæp 8 % 2004. Orsakir breytinga á gistináttafjölda á tjaldsvæðum í Hallormsstaðarskógi eru m.a. þessar:

- Hefðbundnum tjöldum fer verulega fækkandi en mikil aukning er í fellihýsum og húsbílum, sem kallar á stærri svæði og meiri þjónustu en áður var gert.
- Hópfærðum fer fækkandi m.a. vegna þess að algengara er að slíkir hópar kjósi hótलगistingu og kemur það m.a. fram í fækkun erlendra gesta á tjaldsvæðinu.
- Vaxandi fjöldi fellihýsa og húsbíla veldur því að hreyfanleiki er meiri og því eru gistinætur þeirra færri á hverjum stað.
- Húsbílum er gjarnan lagt utan skipulagðra tjaldsvæða.
- Veðurfarsleg áhrif eru meiri og jafnframt meiri hreyfanleiki sem veldur því að gistinætur geta orðið færri á hverjum stað.

5. SKIPULAGSSKILMÁLAR

5.1 Almenn

Lega vega, stíga og afmörkun bílastæða er sett fram í deiliskipulagstillögunni til skýringar og er því ekki bindandi sem endanleg úfærsla. Unnið er að hönnun vega um svæðið. Gert er ráð fyrir að tjaldsvæðið geti tekið við samtals 800- 900 gestum á háannatíma en reynslan hefur sýnt að slíkir toppar eru aðeins fáa daga á hverju sumri.

5.2 Aðkoma

Inn og útkeyrsla að tjaldsvæðinu er á einum stað við þjóðveginn á móts við þjónustumiðstöð. Auka aðkoma fyrir hópfærðarbíla verður með einstefnuakstri inn á svæðið en lokað annarri umferð með hliði. Opnun á þeirri aðkomu verður stjórnað frá þjónustumiðstöð.

5.3 Vegir

Stofnvegur liggur þvert í gegnum svæðið og tengir saman neðri og efri flötina. Frá honum liggja tengivegir um þjónustusvæði og um stæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla.

5.4 Gönguleiðir

Gönguleiðir tengja saman mismunandi svæði og út frá þeim eru gönguleiðir til aðliggjandi staða s.s. að verslun og trjásafni. Gönguleiðir sem fylgja vegum um svæðið eru ekki sýndir sérstaklega.

5.5 Bílastæði

Bílastæðum verður komið fyrir á eftirfarandi stöðum

Austan við þjónustumiðstöð	16 bílastæði
Almenn stæði á neðri flöt	33 bílastæði
Gert er ráð fyrir að innan hvers stæðis fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla verði jafnframt eitt bílastæði	88 bílastæði
samtals	141 bílastæði

5.6 Rútustæði

Við aðkomu	1 rútustæði og /eða 3 bílastæði
Við hópfærðastæði	2 rútustæði
samtals	3 rútustæði

5.7 Tjaldsvæði

Svæðinu er skipt upp fyrir mismunandi notendahópum á eftirfarandi hátt:

	stærð	Fjöldi
Almenn tjaldsvæði á flötum	50 m ²	192
Tjaldsvæði fyrir hóperðir á efri flöt	50 m ²	40
Tjaldsvæði í skógi	breytileg	30
Stæði fyrir síðbúna gesti við aðkomu	30 m ²	10
Stæði fyrir tjaldvagna, fellhýsi og húsbíla	80 m ²	88
	samtals	360

5.8 Þjónustuhús

Byggingarreitur 400 m² og er staðsetning á þjónustuhúsi innan byggingareitsins frjáls. Hámarksstærð á þjónustuhúsi er 150 m².

Aðalmænisstefna hússins er ekki bundin.

Í þjónustuhúsi verður aðstaða fyrir umsjón, upplýsingamiðstöð, salerni, sturtur og aðra þjónusta sem tengist tjaldsvæðisgestum.

5.9 Hreinlætisaðstaða

Samkvæmt viðmiðunum Hollustuverndar þykir hæfilegt að 3-4 salerni þurfi fyrir 400-500 gesti og er þeirri þörf rúmlega fullnægt skv. skipulagstillögunni.

Gert er ráð fyrir tveimur salernishúsum auk salerna í þjónustuhúsi.

1. Núverandi salerni á efri flöt að viðbættum sturtum.
2. Nýtt salerni með sturtum á neðri flöt.

Í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 VII kafla, gr.32. er fjallað um þau skilyrði sem svæði þarf að uppfylla varðandi búnað til hreinlætis og fl.

Á fjórum stöðum verður komið upp stökum vöskum og brynningarstöðum, en staðsetning þeirra verður ákveðin þegar lagnaleiðir verða hannaðar.

5.10 Leiksvæði og boltavellir

Litlum leikvöllum er dreift um svæðið þannig að stutt sé í þá alla. Boltavellir eru staðsettir á efri og neðri flöt.

5.11 Rotþrær og frárennsli

Staðsetning á rotþróm er sýnd á skipulagsupprætti. Frágangur og gerð rotþróa og frárennslistagna skal gera í samráði við heilbrigðiseftirlit og fara skv. ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins.

Gert er ráð fyrir tveimur rotþróm;

1. Núverandi rotþró við salerni á efri flöt verður jafnframt tengt vöskum fyrir losun á ferðasalernum. Stærð rotþróarinnar er um 7000 lítrar.
2. Ný rotþró á neðri flöt tengir salerni þar og þjónustumiðstöð. Stærð rotþróarinnar er áætluð 16 000 lítrar.
3. Sturtuvatn verður aðskilið frá rotþróm og fer í grófan grjótsvelg.

5.12 Sorphirða

Gert er ráð fyrir sorpgámi og endurvinnslugámi á eftirfarandi stöðum:

1. Á efri flöt norðan við þjónustumiðstöð og aðkomu.
2. Á neðri flöt við enda á bílastæðum.

Stökum ruslatunnum verður dreift um svæðið eftir þörfum.

5.13 Veitur og lagnir

Ekki liggur fyrir hönnun á veitum og lögnum en gert ráð fyrir að lagnaleiðir verði eftir vegum og stígum og um frágang þeirra verði haft samráð við byggingarfulltrúa og veitustofnanir. Uppbygging og rekstur mismunandi veitna og lagna er tilgreind í eftirfarandi skilmálum.

5.14 Kalt vatn.

Lagnaleiðir verður eftir vegum og stígum. Þær verða tengdar hreinlætisaðstöðu og 4 vöskum/brynningarstöðum sem verður dreift um svæðið.

5.15 Rafmagn

Rafmagn verður lagt eftir vegum að þjónustuhúsi og hreinlætisaðstöðu. Á stæðum fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla verður komið fyrir rafmagnstengi fyrir fjögur stæði. Hámarks lengd frá rafmagnstengi verður 25 m.

6. BÁTALÆGI

Á skipulagsupprættinum er sýnt mögulegt bátalægi við minni Staðarár. Hugmyndin var að þar væri hægt að koma upp aðstöðu fyrir Orminn langa eða sambærilegt farartæki í tengslum við ferðaþjónustu. Þar sem ekki liggur fyrir hvort af þessu verður er hugmyndin sett hér fram sem möguleiki til seinni tíma útfærslu.

7. ÁFANGASKIPTING

Uppbygging tjaldsvæðisins verður gerð í eftirfarandi áföngum:

1. Plæging og undirbúningar á grasflötum á neðri flöt
2. Gróðursetning til afmörkunar á svæðum.
3. Veglagning stofnvegar frá þjóðvegi að neðri flöt.
4. Frágangur til losunar á ferðasalernum
5. Hreinlætisaðstaða á neðri flöt
6. Frágangur á svæði fyrir tjaldvagna fellihýsi og húsbíla á neðri flöt
7. Þjónustuhús
8. Veglagning út frá stofnvegi
9. Frágangur á öðrum svæðum fyrir tjaldvagna og húsbíla
10. Endanlegur frágangur á öllu svæðinu